Merkingakerfi samfélagsins

MYNDLIST

Kjarvalstaðir

LJÓSMYNDIR AF BENSÍNSTÖÐVUM Á ÍSLANDI SPESSI

Opið alla daga frá 10-18. Til 24. maí. Aðgangur 400 krónur í allt húsið.

BENSÍNTANKAR og bensínstöðvar eru heimur út af fyrir sig í öllum þjóðfélögum, og þótt gerð þeirra sé ekki svo ýkja frábrugðin frá einu landi til annars bera fyrirbærin yfir sér viss þjóðareinkenni. Skjalfesta kannski betur en nokkuð annað, að ekki er mögulegt að steypa manninn og mannlífið fullkomlega í sama horfið um veröld alla, slík stöðlun þyddi líka endalok lífsins.

Í þá góðu gömlu daga er skrifari var ungur og sumar hvert í vegafyrirhleðslu og loks brúarvinnu sem báru hann um víðan völl, kynntist hann mörgum útgáfum af andrúminu í kringum bensíntanka úti í landsbyggðinni.

Þá voru seinni tíma bensínstöðvar langt undan, en tankarnir staðsettir hér og hvar við viðkomustaði bifreiða eða þar sem þurfa þótti, og fjarri því eingöngu kaupfélögin. Kom jafnvel fyrir að þeir væru við bóndabæi og að í heyskapartíð á hásumri yrði fólk að hlaupa af engjum til að sinna tilfallandi viðskiptavinum. Úr barnæsku er honum einhvern veginn sérstaklega í ljósu minni rauður Esso-tankur í Borgarnesi, lítið virkur en trónaði afsíðis við vegarkantinn ofan til í nágrenni hafnarinnar, líkast einmana skúlptúr. Mynd hans hefur greypst í minnið sem eitt helsta kennileiti og hluti þessa litla og vinalega pláss, þar sem bjó frændfólk sem fyrir kom að hinkrað var hjá einhvern hluta úr sumri.

Saga bensíntankanna á landi hér er að sjálfsögðu hérumbil jafn löng og bílsins, en síður getur maður búist við að t.d. Magnús Sigurðsson, bóndi á Grund á Eyjafirði, sem fyrstur eignaðist bíl norðan heiða, hafi jafnframt flutt inn einn slíkan til að hafa á bæjarhlaðinu, til viðbótar því að hann þurfti að standa í vegagerð til að geta yfirhöfuð ekið bílnum! Ætli hann hafi ekki látið bensínbrúsana nægja sem voru undanfari tankanna og ekki man ég betur en að elstu tankarnir hafi verið handknúnir líkt og vatnsdælur.

Þetta innskot í framhjáhlaupi á að bregða skýru ljósi á umskipti á tímaskeiði sem er ekki lengra en ein sæmilega löng mannsævi er svo er komið, framþróun sem hefur verið sýnu hröðust undangengna áratugi.

Bíllinn er það hörg nútímans sem stöðugt gerir meiri og óvægari kröfur til mannfólksins, hinn grimmi guð sem heimtar sem fullkomnast aðgengi að eldsneyti og annarri virkt sem knýr hann áfram. Framar öðru þeim blendna vökva úr neðra sem bensín nefnist. Svo mjög hefur honum verið blótað, að tankurinn og bensínstöðvarnar eru orðnar að merkingarkerfi og sérstöku kennileiti samtímans, blákaldri og hrárri íslenzkri sagnfræði. Það er svo engan veginn að fara í annarra skó að bregða upp mynd af slíkum í íslenzku umhverfi, því andrúmið í kringum fyrirbærin er allt annað, hvað þá umhverfið. Tilbúinn heimur bensínstöðvanna á líka sitthvað sameiginlegt við guðshús til sjávar og sveita, sem eru hvergi eins þótt þau þjóni sama geistlega tilganginum. Og sjaldnast fellur veraldlegur eldsneytisgjafinn jafn fagurlega að landinu og gömlu kirkjurnar sumar hverjar, sem á stundum eru líkt og vaxnar upp úr jörðinni allífinu til dýrðar, líkt og grósprotar moldarinnar. Upprunalega og lengi vel takmörkuðust bensínstöðvarnar við sölu á eldsneyti og smurolíum, en í dag fer þar fram margvísleg önnur þjónusta sem samrýmist skyndiþörfum neysluþjóðfélagsins, jafnvel ýmis hliðarstarfsemi eins og reiðhjólaleiga. Þá er hér um að ræða merkilega þróun í útlitshönnun, sem má vera einhverjum drjúgur lærdómur hér á útskerinu, þótt flestir taki helst eftir aukinni sjálfvirkni og þægindum líkt og þetta komi fyrirhafnarlaust frá útlöndum. En að baki liggur þó gífurleg vinna hámenntaðs liðs hönnuða og listamanna víða um heim.


Fyrir utan þyrpingu af ýmiss konar bensíntönkum lengst í gangi vestursalar, er sýning ljósmyndarans Spessa ekki sagnfræði, öllu frekar er brugðið upp mynd af merkingarkerfi sem lýtur að sjálfum kjarnanum í samfélagi okkar og menningu, eins og segir í vel skrifaðri og fróðlegri ritgerð Jóns Proppé í sýningarskrá. Spessi hefur ljósmyndað bensínstöðvar í bak og fyrir víðs vegar um landið og á öllum tímum sólarhrings, en þó er þetta ekki venjuleg skýrsla, hugmyndafræði né markviss skrásetning þar sem heimildargildið er í fyrirrúmi. Sýnist mér þetta öllu frekar vera stemmningamyndir, sem þó bera í sér ákveðið heimildagildi einkum þegar frá líður, hér þakka ég guði fyrir að ekki skuli vera brugðið upp þeim steindauða hvunndegi sem er in í núlistum frá Tókýó til Toronto og maður rekur sig á hvarvetna í galtómum sýningarsölum. Þvert á móti búa ljósmyndirnar yfir þeim þokka við hvunndaginn sem er að verða fágæti á sýningum og marka þeim lifandi innihald. Þær eru eitthvað meira en þær vel gerðu raunsæismyndir aulýsingaiðnaðarins sem maður sér víða, og hafa allt til að bera nema lífsneistann. Myndirnar höfða til skoðandans eins og litríkt en mannlaust landslag svipað og í málverkum, en þó saknar maður nokkurra mynda í svart-hvítu sem hefðu aukið á listræna breidd framkvæmdarinnar.

Þetta er sérstæð sýning sem hrærir í hugarfluginu, vekur upp spurningar, vel er að staðið í uppsetningu, og hin stóra og mikla sýningarskrá saga út af fyrir sig á íslenzkum listamarkaði miðað við ekki viðameiri framkvæmd. Auk ritgerðar Jóns Proppé skrifar Eiríkur Þorláksson inngang og Dominique Nahas, sjálfstætt starfandi sýningarstjóri sem býr í New York, les í ljósmyndir listamannsins og gerir það af stakri djúphygli. Þá prýðir skrána fjöldi ljósmynda í lit og allt samanlagt gerir þetta hana að mjög eigulegum grip. Skýringuna á hinni veglegu umgerð er vísast að finna í styrktaraðilunum, sem eru Olíufélagið, Olíuverslun Íslands, Skeljungur hf. og Gott fólk.

Bragi Ásgeirsson



BENSÍNSTÖÐIN að Arnarstapa er gott dæmi um hönnun er fellur að umhverfinu.



BENSÍNSTÖÐVARNAR geta verið rómantískar að næturlagi eins og þessi að Vegamótum.





Sýningum lýkur

Gallerí Hornið

SÝNINGIN Grænar grundir, olíumálverk Guggu, Guðbjargar Hákonardóttur, lýkur í dag.

Sýningin er opin frá kl. 11–24.